



FJÖREGG

Barnamenning
í Norræna húsinu

DAGSKRÁ





Barnamenning 2010



Taktu þátt

Dyr Norræna hússins í Vatnsmýrinni standa öllum opnar en í ár eru börn og unglingar sérstakir aufúsugestir í húsinu. Starfsfólki Norræna hússins er það einstök ánægja að bjóða börnum og unglingum upp á fjölbreytta dagskrá allt árið, bæði utanhúss og innan.

Í þessum bæklingi er að finna lýsingu á helstu dagskrárliðum en þeir verða auglýstir nánar á heimasíðu Norræna hússins, www.norraenahusid.is/fjoregg

Í apríl verður Tilraunalandið á lóð Norræna hússins opnað. Tilraunalandið er náttúruvísindagarður þar sem börn og unglingar fá tækifæri til að prófa ýmsar skemmtilegar nýjungar á sviði náttúruvísinda. Tilraunalandið verður opið fram á haust.

Í vændum er skapandi og skemmtilegt ár í Vatnsmýrinni! Aðgangur að öllum viðburðum er ókeypis. Á nokkra viðburði er nauðsynlegt að skrá sig í síma 551 7030 eða á heimasíðu Norræna hússins, www.norraenahusid.is.

DAGSKRÁ



Norræn tungumálakennsla



Janúar – júní

Norræna húsið og norrænir lektorar við Háskóla Íslands standa fyrir tungumálanámskeiðum í finnsku, norsku og sænsku á vormisseri 2010. Námskeiðin eru fyrir börn sem þegar hafa nokkra kunnáttu í þessum tungumálum.



Tilraunalandið

– Vísindin lifna við í Vatnsmýrinni



8. apríl – 30. september

Í Tilraunalandinu eru allir jafnir, það þarf ekki að „kunna“ neitt sérstakt til að taka þátt en hinsvegar er mikilvægt að hafa fróðleiksþorstann, hugrekkið og ímyndunaraflíð með í farteskinu.

Æskilegt er að gestir panti tíma í Tilraunalandið, þannig að tryggt sé að tækin verði laus til afnota og að leiðbeinendur geti sinnt gestum. Tekið er við bókunum í síma 551 7030 og á heimasíðu Norræna hússins, www.norraenahusid.is. Sýningin er bæði innan- og utandyra. Enginn aðgangseyrir.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Tilraunalandið er samstarfsverkefni Norræna hússins og Háskóla Íslands og samanstendur af tilraunum og tækjum frá Tom Tits Experiment í Svíþjóð og Tilraunasmíðju Háskóla Íslands.



Myndir úti í mýri

– MÝRIN, alþjóðleg barnabókahátíð



23. – 27. apríl

Fimmta alþjóðlega barnabókmenntahátíðin í Norræna húsinu. Þema hátíðarinnar í ár er myndskreytingar í barnabókum. Innlendir og erlendir rithöfundar segja frá verkum sínum, sérstök dagskrá er fyrir börn, m.a. vinnustofur, sýning á verkum leikskólabarna og leiklist.

Allar sögur hafa eina mynd

– Sýning á myndskreytingum í barnabókum

22. – 29. apríl

Sýning á verkum 20 nemenda sem verið hafa á námskeiði í bókaskreytingum hjá danska myndlistarmanninum Ole Wich.

List án landamæra – Listsýningar

1. – 24. maí

Listahátíðin List án landamæra verður að venju haldin í Norræna húsinu. Fólk á öllum aldri, fatlað og ófatlað, hefur unnið saman að ýmsum listtengdum verkefnum með frábærum árangri.



RITUAL / SIÐIR – Danssýning



16. – 24. maí

RITUAL er hrá og gamansöm danssýning um inúitamenningu og breikdans. Sýningin er sjónrænt ferðalag undir áhrifum frá náttúru norðurheimskautsins og hlýnun jarðar.

Prjónagraffítí – Lykkjur 2010

17. og 20. júní

Prjónasmiðja fyrir unglinga á aldrinum 14-17 ára. Lista- og aðgerðahópurinn Masquerade frá Svíþjóð hefur framkvæmt prjónagraffítí um allan heim og haldið sýningar. Þátttakendur prjóna renninga sem hægt er að sauma utan um t.d. ljósastaura. *Skráning.*

Frjálst hekl og prjón – Lykkjur 2010

20. júní

Prjónasmiðja fyrir börn á aldrinum 8-10 ára. Börn læra að prjóna og hekla eitthvað að eigin vali. Grunnatriði kennd á fjörugum nótum og möguleikar prjóns og heklis til sköpunar kynnt börnunum. *Skráning.*



Útitónleikar yngstu kynslóðarinnar



15. ágúst

Útitónleikar yngstu kynslóðarinnar í Vatnsmýrinni.
Fram koma landsþekktir tónlistarmenn sem yngri kynslóðin dái.

Heimstónlistarhátíð

1. – 4. september

Fjöldmargir listamenn sem eiga rætur að rekja til fjarlæggra landa koma fram á hátíðinni. Smíðjur, námskeið og tónleikar fyrir börn sem vekja hjá þeim áhuga fyrir tónlist, hljóðfærum og framandi menningu í gegnum leik og skemmtun. *Skráning.*



FREESTYLE PHANATIX

– Námskeið í breikdansi



15. september

Danski breikdanshópurinn FREESTYLE PHANATIX heldur námskeið fyrir áhugasama á aldrinum 10-15 ára.

Allir geta lært eitthvað nýtt hjá þessum frábæru dönsurum hvort sem þeir eru byrjendur eða reynsluboltar í breikdansi. *Skráning.*

Sjá nánar: www.phanatix.net



RIFF – Reykjavík International Film Festival



23. september – 3. október

Í tengslum við kvikmyndahátíðina verða valdar vandaðar og áhugaverðar kvikmyndir fyrir börn og unglinga.

Einstök sýning, einstakur listamaður – Málverkasýning

13. nóvember – 9. janúar

Sýning á verkum Ísaks Óla Sævarssonar. Listamaðurinn sækir fyrirmyndir sínar í heim norræna teiknimyndasagna.

1 2 3 4 – Jóladagatal Norræna hússins

1. – 23. desember

Jóladagatal Norræna hússins er orðið hefðbundinn viðburður í desember. Allar helgar verða fjölbreyttir viðburðir og dagskrá fyrir börn.



Norræn matarmenning

Nýr norrænn matur

Norræni matjurtagarðurinn



Í matjurtagarði Norræna hússins eru ræktaðar nytjaplöntur og villtar plöntur og hlutverk þeirra í norrænni matargerð og menningu er kannað. Markmið garðsins er að auka skilning og áhuga á íslensku og norrænu hráefni og benda á þá kosti og möguleika sem felast í staðbundinni framleiðslu.

Í garðinum er hægt að upplifa gleðina sem fylgir því að rækta og fylgjast með jurtunum vaxa.





Bragðlaukarnir

– Vinnustofa fyrir börn 12 – 15 ára



September / október

Tilgangurinn með vinnustofunni er að leyfa börnunum að upplifa mat með fleiri skyfnærum og kenna þeim að skerpa bragðskynið. *Skráning*. Passar vel fyrir skólahópa.

Kennari er danski matfræðingurinn Mads Holm. Í samvinnu við Dill restaurant og Slow Food Island.

Úr jörðu og upp á borð

– Uppskeruhátíð og sultukeppni fyrir börn

Ágúst / september

Ekkert er jafn ánægjulegt og að sjá árangur erfiðis síns. Fræin sem sett voru í jörðu í vor eru orðin að fullvöxnu grænmeti. Hér gefst börnum tækifæri til að taka þátt í sultukeppni með afurðunum sem þau ræktuðu í eigin garði. Öll börn geta tekið þátt í keppninni. Verðlaun. *Skráning*.

Eplahátíð



September / október

Kannaður er fjölbreytileiki, bragð og tegundir norræna epla. Eplin eru ekki bara rauð, gul eða græn, heldur miklu, miklu meira. Börnin fá tækifæri til borða, smakka, leika, baka og búa til mat úr eplunum.



FJÖREGG

**Barnamenning
í Norræna húsinu**

www.norraenahusid.is/fjoregg

Á nokkra viðburði er nauðsynlegt að skrá sig í síma 551 7030
eða á heimasíðu Norræna hússins, www.norraenahusid.is.



Sturlugötu 5 · 101 Reykjavík · Sími 551 7030
www.norraenahusid.is · nh@nordice.is